

Loftblandan er talin jafn eldnærandi eða meira eldnærandi en andrúmsloft ef eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:

$$\sum_i x_i C_i \geq 21$$

þar sem:  $x_i$  er styrkur lofttegundar (i);  
 $C_i$  er jafngildisstuðull fyrir lofttegund (i) miðað við súrefni.

Þá er efnablandan flokkuð sem eldnærandi og fær hættusetninguna H8.

Eftirfarandi jafngildisstuðlar ( $C_i$ ), eins og þeir eru skráðir í lið 5.2 í ISO-staðli ISO 10156, eru notaðir við framangreinda útreikninga:

$O_2$  : 1

$N_2O$  : 0,6

Ef ekkert gildi er til fyrir stuðulinn  $C_i$  í áður nefndum staðli er jafngildisstuðli gefið gildið 40.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld  
fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl., nr. 152/1998.

1. gr.

Við 6. gr. bætist nýr töluliður, er verður 9. töluliður svohljóðandi:

9. Leyfi til farþegaflutninga með skipum ..... kr. 4.000

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 74/1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytinu, 27. júlí 1998.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*